

Bæjarráð - 956 : 2302018 - Öryggi vegfarenda á Raknadalshlíð og Kleifarheiði

Til : Bæjarstjóri Vesturbyggð <baejarstjori@vesturbyggd.is>
Frá : Sólveig Gísladóttir - VG <solveig.gisladottir@vegagerdin.is>
Heiti : Bæjarráð - 956 : 2302018 - Öryggi vegfarenda á Raknadalshlíð og Kleifarheiði
Málsnúmer : 2302018
Málsaðili : Vesturbyggð
Skráð dags : 28.02.2023 09:00:38
Höfundur : Sólveig Gísladóttir - VG <solveig.gisladottir@vegagerdin.is>

Viðhengi [image001.png](#)
[image001.png](#)
[image003.jpg](#)

Sæl Þórdís

Bókun bæjarráðs Vesturbyggðar var kynnt á yfirstjórnarfundum Vegagerðarinnar í gær, mánudaginn 27. febrúar 2023.

Vegagerðin hefur vissulega áhyggjur af þessum vegi og hefur fyrir nokkru hafið samtal við Veðurstofuna til að koma upp vöktun á þessum kafla. Til stendur að setja þar upp mæla.

Vegagerðin er einnig meðvituð um fjarskiptasamband á svæðinu og telur úrbóta þörf.

Með kveðju



Frá: Bæjarstjóri Vesturbyggð

Sent: þriðjudagur, 14. febrúar 2023 11:14

Til: Bergþóra Þorkelsdóttir - VG <bergthora.thorkelsdottir@vegagerdin.is>; Pálmi Þór Sævarsson <palmi.th.saevarsson@vegagerdin.is>; gudmundur.v.gudmundsson@egagerdin.is

Efni: Bæjarráð - 956 : 2302018 - Öryggi vegfarenda á Raknadalshlíð og Kleifarheiði

Sæll verið þið,

Á 956. fundi bæjarráðs Vesturbyggðar sem haldinn var 7. febrúar sl. var eftirfarandi bókað:

„2302018 - Öryggi vegfarenda á Raknadalshlíð og Kleifarheiði

Á Raknadalshlíðinni er mikil snjóflóðahætta, en undir hlíðinni keyrir m.a. skólabíll alla virka daga með börn á leið í Patreksskóla. Hlíðin er ekki vöktuð hjá ofanflóðavakt Veðurstofu og litlar eða engar varnir á því að snjóflóð falli á veginn. Eins er fjarskiptasamband á Raknadalshlíðinni mjög stopult.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að óska eftir því við Veðurstofuna að Raknadalshlíð verði vöktuð hjá ofanflóðavakt. Að leitast verði eftir því við Vegagerðina að fundin verði leið til að verja vegfarendur sem aka undir hlíðinni og að skoðað verði nýtt vegstæði auk þess að leita leiða til að fjarskiptasamband á sunnanverðum Vestfjörðum, þar með á Raknadalshlíðinni verði ásættanlegt.“

Ég óska því hér með eftir að Vegagerðin hefji vinnu í því að finna leiðir til að verja vegarendur vegarins og að skoða nýtt vegsvæði að þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins frá Barðaströnd.

Virðingarfyllst,
Þórdís



Þórdís Sif Sigurðardóttir

Bæjarstjóri

Vesturbyggð | Aðalstræti 75 | 450 Patrekfirði | www.vesturbyggd.is

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans er eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál.

Hafir þú fyrir tilviljun eða mistök tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans bið ég þig að fara eftir 9. mgr. 47.gr laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna mér að tölvupósturinn hafi ranglega borist þér.

Um ábyrgð á tölvupósti

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum (og viðhengjum hans) biðjum við þig að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa upplýsingarnar, skrá þær hjá þér né nota þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis að upplýsingarnar hafi ranglega borist þér. Brot gegn þessu kunna að varða bótaábyrgð og refsingu samkvæmt lögum.

English

Please note that this e-mail and its attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged. If you have by coincidence or mistake or without

specific authorization received this e-mail and its attachments we request that you notify us immediately that you have received them in error, uphold strict confidentiality and neither read, copy, nor otherwise make use of their content in any way. Unauthorized use of this email may result in liability and be punishable by law.